

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
57. fundur.

Miðvikudaginn 24. september 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum, kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Þjóðlendumál.
2. Skýrsla sveitarstjóra
3. Málefni leikskóla
- 4, Aðalskipulag Húnavatnshrepps
5. Íbúðir við Steinholt.

6. Fundargerðir:
 - a) Byggingarnefndar dags. 27. ágúst 2008.
 - b) Fræðslunefndar dags. 15. september 2008.
 - c) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra dags. 26. ágúst 2008.
 - d) Stjórnar SSNV dags. 3. september 2008.

7. Bréf.
 - a) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 11. ágúst 2008.
 - b) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 22. ágúst 2008.
 - c) Frá Samb. Ísl. sveitarfél. dags. 28. ágúst 2008.
 - d) Frá Þórði Skúlasyni dags. 1. sept. 2008.
 - e) Frá SSNV dags. 9. sept. 2008.
 - f) Frá Dóms- og kirkjumálaráðherra dags. 9. sept. 2008.
 - g) Frá Strætó bs. dags. 17. sept. 2008.
 - h) Frá Fræðsluskrifstofu Austur-Hún. dags. 4. sept. 2008.

8. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl.13.10

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á boðaðri dagskrá: Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún dags. 10. sept. tekin fyrir undir dagskrárlíð 6 e. Bréf frá Reykjavíkurborg dags. 27. ágúst 2008, tekið fyrir undir dagskrárlíð 7 i.

1. Þjóðlendumál.

Sigursteinn Bjarnason bóndi í Stafni mætti til fundar undir þessum líð. Sigursteinn gerði grein fyrir vettvangsferð sem farin var á Eyvindarstaðarheiði með óbyggðanefnd vegna þjóðlendumála. Kröfulína ríkisins hefur breyst og búið er að falla frá kröfum í margar jarðir. Rætt um hnitsetningu landamerkja á afréttum. Sigursteinn yfirgaf fundinn.

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda. Hreppsnefnd veitti sveitarstjóra heimild til að ganga frá kaupum á upphituðu gámahúsi, sem notað yrði sem vinnuástaða og tækjageymsla og staðsett á Húnavöllum. Kostnaði vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar 2008.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
57. fundur.

3. Málefni leikskóla.

Samkomulag hefur náðst við tryggingarfélag sveitarfélagsins um greiðslu bóta vegna vatnstjóns í leikskóla, í framhaldinu hefur verið samið við Stíganda ehf. að annst viðgerðir vegna tjónsins. Einnig er verið að vinna við uppsetningu á leiktækjum og gengið hefur verið frá kaupum á girðingu, sem verður sett niður í haust.

4. Aðalskipulag Húnavatnshrepps.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum við Loftmyndir ehf. um áskrift að loftmyndum vegna aðalskipulagsgerðar.

5. Íbúðir við Steinholt.

Oddviti kynnti viðræður sem farið hafa fram vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íbúðir við Steinholt. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

6. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar dags. 27. ágúst 2008.

Fundargerðin samþykkt.

b) Fræðslunefndar dags. 15. september 2008.

Lögð fram til kynningar.

c) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra dags. 26. ágúst 2008.

Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar SSNV dags. 3. september 2008.

Lögð fram til kynningar.

**e) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún.
dags. 10. sept 2008.**

Lögð fram til kynningar.

7. Bréf.

a) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 11. ágúst 2008.

Efni: Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga 2009.

Til kynningar.

b) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 22. ágúst 2008.

Efni: Yfirlýsing og bókun stjórnar sambandsins 22. ágúst 2008.

Til kynningar.

c) Frá Samb. Ísl. sveitarfél. dags. 28. ágúst 2008.

Efni: Tillögur að stefnumótun Samb. ísl. sveitarfél. í málefnum innflytjenda.

Til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
57. fundur.

d) Frá Þórði Skúlasyni dags. 1. sept. 2008.

Efni: Kveðjur til sveitarstjórnarmanna, framkvæmdastjóra sveitarfélaga og annarra starfsmanna sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps þakkar Þórði Skúlasyni fyrir langt og farsælt starf í þágu sveitarfélaganna um leið og Karl Björnsson nýr framkvæmdastjóri Samb. ísl. sveitarfélaga er boðinn velkominn til starfa.

e) Frá SSNV dags. 9. sept. 2008.

Efni: Átaksverkefni til að auka þátttöku sveitarfélaga í evrópskum samstarfsáætlunum.

Til kynningar.

f) Frá Dóms- og kirkjumálaráðherra dags. 9. sept. 2008.

Efni: Kynning á nýjum lögum um almannavarnir.

Til kynningar.

g) Frá Strætó bs. dags. 17. sept. 2008.

Efni: Nema kort í strætó á höfuðborgarsvæðinu.

Hreppsnefnd hafnar erindinu.

h) Frá Fræðsluskrifstofu Austur-Hún. dags. 4. sept. 2008.

Efni: Álitsgerð.

Fært í trúnaðarmálabók.

i) Frá Reykjavíkurborg dags. 27. ágúst 2008.

Efni: Skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Fært í trúnaðarmálabók

8. Önnur mál

- Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir hér með að veita ábyrgð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 22.000.000 kr. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs til 10 ára, með breytilegum 5 % vöxtum. Er ábyrgð þessi veitt smbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lán byggðasamlagsins er tekið til að fjármagna endurbætur á Hnitbjörgum, leiguíbúðum aldraðra, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hverskyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Jafnframt er Jens P Jensen kt. 070951-7469 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h Húnavatnshrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 57. fundur.

- Starfsmenn Húnavallaskóla hafa óskað eftir gæslu á börnum þeirra á starfsdögum kennara og þegar kennarafundir eru. Oddvita og sveitarstjóra var falið að ræða við aðila málsins.
- **Ályktun vegna ákvörðunar MS um lokun Mjólkurstöðvarinnar á Blönduósi.**
Hreppsnefnd Húnavatnshrepps mótmælir harðlega þeirri einhliða ákvörðun stjórnar MS að hætta mjólkurvinnslu á Blönduósi. Áratugum saman hefur Mjólkurstöðin á Blönduósi verið ein af kjölfestum í atvinnulífi héraðsins og þrátt fyrir samdrátt í starfsemi undan farin ár þá er MS meðal stærri vinnuveitenda í héraðinu. Hreppsnefnd Húnavatnshrepps skorar á stjórn MS að endurskoða ákvörðun sína um lokun og leita allra leiða til áframhaldandi reksturs.
- Kynnt bréf frá Árna Bragasyni varðandi tjónabætur vegna óhapps við Undirfellsrétt þann 6. sept. S.l.
- Hreppsnefnd samþykkti að framvegis yrðu fundardagar nefndarinnar fyrsta þriðjudag í mánuði. Næsti fundur hreppsnefndar er því þriðjudaginn 7. október.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.35

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Haukur Suska Garðarsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M. Lárusdóttir

Jens P. Jensen